

- d) Kosin stjórn Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, skv. skipulagsskrá fyrir skólann, 10. gr., en sú stjórn er jafnframt stjórn Styrktarsjóðs Tónskólans og Styrktarfélags Tónskólans. Þá skulu og kosnir endurskoðendur samkv. fyrrgreindri skipulagsskrá skólans.

Aðalfundur skal boðaður bréflega með viku fyrirvara. Aðrir fundir Styrktarfélagsins skulu boðaðir með 3ja daga fyrirvara bréflega eða með auglýsingu.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans hinn 29. nóv. 1970.

Í stjórn Styrktarfélags- og Styrktarsjóðs Tónskólans

Sigursveinn D. Kristinsson.

Hallgrímur Jakobsson.

Guðni Guðnason.

Nr. 195.

15. september 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónskóla Sigursveins D. Kristinsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 15. september 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

1. gr.

Skólinn er stofnaður að frumkvæði Styrktarfélags Tónskólans, er starfar samkv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Skólinn er sjálfseignarstofnun og heitir Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 12/1963 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna músikþekkingu þjóðarinnar ekki sízt meðal þess fólks, sem aðeins getur varið takmörkuðum tómstundum til þess að iðka músik og auka þekkingu sína á því sviði.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa samkv. 1. gr. laga nr. 12/1963 svo og því að

- a) að halda uppi kennslu fyrir námsflokka í ýmsum greinum tónlistar, þar sem börnum jafnt sem fullorðnum gefst kostur á að stunda músiknám í tómstundum eftir því, sem aðstæður leyfa. — Reynt verði að ná samvinnu við barnaskóla og aðrar uppeldisstofnanir um slík námskeið.
- b) að leggja sérstaka áherzlu á að kenna á alþýðleg hljóðfæri. Til þess að auðvelda börnum aðgang að námi í skólanum verði, eftir því, sem aðstæður leyfa, keypt til skólans létt hljóðfæri, sem svo verði lánuð nemendum fyrstu námsárin. — Þá verði einnig leitast við að létta börnum í úthverfum borgarinnar aðgang að námi í skólanum með því að skipuleggja kennslu fyrir byrjendur í þeim úthverfum, þar sem þátttaka og aðrar aðstæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Starfsemi skólans er frá 1. okt.—30. apríl a. m. k. ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í framhaldsskólum landsins.

7. gr.

Ekki er krafizt inntökuprófs við upptöku í skólann, en skólinn áskilur sér rétt til þess að synja nemanda um skólavist, ef kennari og skólastjóri telja hann óhæfan til námsins.

8. gr.

Nemendum er skylt að taka þátt í tónleikum skólans eftir fyrirmælum skólastjóra. — Að öðru leyti er þeim óheimilt að koma fram opinberlega án hans leyfis.

9. gr.

Fjárhagsgrundvöllur skólans er byggður á eftirfarandi:

- a) Rekstrarstyrkur ríkissjóðs skv. lögum nr. 12/1963.
- b) Rekstrarstyrkur borgarsjóðs Reykjavíkur.
- c) Námsgjöld nemenda skólans.
- d) Framlög Styrktarsjóðs Tónskólans.
- e) Gjafir og styrkir, sem skólanum áskotnast.

10. gr.

Stjórn skólans skipa: Þrír menn og þrír til vara kosnir á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans til 3ja ára í senn. Af þeim ganga úr stjórn ár hvert 1 aðalmaður og 1 varamaður, eftir hlutkesti 2 fyrstu árin, en síðan eftir starfsaldri. Endurkosning er heimil.

Einn fulltrúi frá kennarafélagi Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar tilnefndur til 1 árs í senn, enda sé hann meðlimur Styrktarfélags Tónskólans.

Einn fulltrúi frá nemendafélagi skólans tilnefndur til 1 árs í senn, enda sé hann meðlimur Styrktarfélags Tónskólans.

Einn fulltrúi frá nemendafélagi skólans tilnefndur til 1 árs í senn, enda sé hann meðlimur Styrktarfélags Tónskólans.

Stjórnin kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamaður tekur sæti í stjórninni í forföllum aðalmanns. Boða skal varamenn á alla stjórnarfundi.

Kosnir skulu á aðalfundi tveir endurskoðendur fyrir reikninga skólans.

11. gr.

Stjórnin ræður skólastjóra, en hann ræður síðan kennara skólans í samráði við stjórnina. — Skólastjóra má ráða úr hópi stjórnarinnar. Skólastjóri er jafnframt framkvæmdastjóri skólans. Hann ræður auk þeirra annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við stjórnina. Hann sér um reikningshald fyrir skólann. — Stjórnin heldur fundi, er formaður eða skólastjóri telja þess þörf. Eigi síðar en 15. sept. ár hvert skal leggja fyrir stjórnarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir s. l. reikningsár. Skýrslur þessar og reikninga skal síðan leggja fyrir aðalfund Styrktarfélags Tónskólans. — Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um kosningu nýrrar stjórnar boðar hann hina nýkjörnu stjórn á fund og gengst fyrir kosningu formanns.

12. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninganna fyrir lok maí ár hvert. — Auk þess getur stjórnin falið löggiltum endurskoðanda endurskoðun reikninganna, eftir því, sem hún ákveður hverju sinni.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

14. gr.

Skipulagsskrá þessi þannig samþykkt á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans hinn 29. nóvember 1970.

SAMNINGUR

milli Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins
um gjald fyrir heilsuvernd í skólum.

1. gr.

Greiðsla til lækna, er annast heilsuvernd í skólum samkvæmt reglugerð nr. 214 frá 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, með áorðnum breytingum (nr. 196/1965 og nr. 284/1966), skal vera sem hér segir, miðað við skólaár:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Fyrir hvern nemanda í barnaskóla | kr. 98.50 |
| 2. Fyrir hvern nemanda í gagnfræðaskóla og í öðrum
framhaldsskólum | — 78.80 |

2. gr.

Ofangreindar gjaldfjárhæðir eru grunngreiðslur, og skulu þær sæta vísitölu-breytingum eftir sömu reglum og laun ríkisstarfsmanna. Á launin greiðist 7% orlof.

3. gr.

Ferðakostnaður héraðslækna vegna skólaskoðunar greiðist í samræmi við ákvæði gildandi samnings milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur ferðakostnaðar í læknisvitjunum.

4. gr.

Samningur þessi kemur í stað samnings aðila um sama efni, dags. 31. desember 1969 (nr. 335/1969).

Samningurinn gildir frá 1. janúar 1971 að telja, þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. september ár hvert.

Reykjavík, 17. september 1971.

F. h. Læknafélags Íslands,
Brynleifur H. Steingrímsson,
form. kjaranefndar L. Í.

F. h. menntamálaráðuneytisins,
Torfi Ásgeirsson.
Árni Gunnarsson.